

From: Vigdís Halldórsdóttir [<mailto:vigdis@sff.is>]
Sent: 21. febrúar 2013 10:22
To: Kristín Einarsdóttir
Subject: frumvarp til laga um breytingu á lögum um happdrætti

Í framhaldi af fundinum með Allsherjar- og menntamálanefnd, þriðjudaginn 19. febrúar sl., óska SFF eftir að koma á framfæri eftirfarandi ábendingu.

Verði það niðurstaða nefndarinnar að fella ekki brott 6. og 8. gr. frumvarpsins heldur fara þá leið að samþykkja breytingartillögur SFF á 6. og 8. gr. frumvarpsins og leggja bann við greiðsluþjónustu vegna kaupa á happdrætti eða þátttöku í veðmálastarfsemi er mikilvægt að gefin verði tími til aðlögunar. Því miður gleymdist að fjalla um þann þátt í umsögn SFF, en er mjög mikilvægt atriði.

Veita þarf nægilega langan frest svo fyrirtækin hafi færi á að breyta sínum kerfum í samræmi við breytta löggjöf. Vilja SFF því leggja til að á 9. gr. frumvarpsins verði eftirfarandi breyting:

9. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði 6. gr., 3. mgr. c-liðar 7. gr. og 8. gr. laganna er varðar bann við greiðsluþjónustu, eftirlit með banni við greiðsluþjónustu og refsingar vegna banns við greiðsluþjónustu öðlast þó gildi ~~1. júlí~~ 1. nóvember 2013.



Kær kveðja / Best Regards,

Vigdís Halldórsdóttir
Lögfræðingur/lawyer
Samtök fjármálafyrirtækja
Farsími / Mobile +354 868 9015
Beinn Sími / Phone +354 591 0405
vigdis@sff.is - www.sff.is